

Lærdómsríkur samhljómur

Í 19. tbl. Bændablaðsins frá 8. nóvember sl. birtist stutt grein eftir Þórólf Sveinsson undir fyrir-sögninni Velliðan í torfbæjum? Þórólfur óskar þar undirrituðum velfarnaðar í því verkefni að leggja lóð á þá vogarskál að íslenski bærinn verði metinn að verðleikum og þakka ég þar góðar óskir. Þórólfur heldur þar fram þeirri furðulegu staðhæfingu að þeir sem hæla gömlu íslensku bæjunum hljóti að vera að hæðast að forfeðrum okkar. Viðkynni mín og margra annarra af þessum bæjum eru á þá leið að við þurfum síður en svo að gera litíð úr þessum arfi, þvert á mót eru hér á ferðinni aðáunar-verð mannvirki, forfeðrum okkar til sóma.

Mýkt og hlýja

Íslenski bærinn hefur þróast í þúsund ára sambyli landkosta og fáanlegs efniviðar. Hann er afurð útsjónarsemi, sem birtist öld eftir öld í óteljandi tilbrigðum innan sama byggingafræðilega bragarháttarins. Blærinn yfir þessum byggingum er svo einstakur og auðþekktanlegur að hvarvetna myndu þær skera sig úr. Þó er það jafnan svo um staðbundna menningu, ekki síst byggingarlist, að hún verður ekki auðveldlega flutt úr stað. Íslenski bærinn er rótfastur gripur, sem varpar einstöku ljósi á

lífsskilyrði og sögu nyrsta hluta Evrópu. Það sem fyrst og fremst einkennir hann er hin lífræna húsapýrping, lífrænn efniviðurinn og umfram allt hlýleiki, mýkt og lágstemmd fegurð. Gömlu bæirnir eru samofnir landslaginu, árstíðunum og birtunni og eru eitt besta dæmi sem fyrirfinnst um samhljóm milli náttúrulegs umhverfis og mannvirkja. Það er ekki síst fyrir að þakka hugvitsamlegri notkun á náttúrulegum byggingarefnum, með tilliti til einangrunar og veðurálags, að þjóðin lifði af um aldir þrátt fyrir einangrun og harðindi. Aldrei er gamli íslenski bærinn meira í essinu sínu en á veturna, í snjó og frosti, og baðstofan heldur þá betur utan um heimilisfólkið en flest önnur



Hannes Lárusson,
staðarhaldari, Austur-
Meðalholtum



hús. Sá sem ekki hefur kynnst lifandi baðstofu getur líklega aldrei skilið til fulls hugtakið hlýja.

Vistvaent fordæmi

Hefðbundin torfhús eru að hluta til byggð úr náttúrulegum efnivið með takmarkaða endingu. Hin eðlilega hnignun efnisins leiðir af sér óhjákvæmilega og

reglubundna endurbyggingu. Ef ekkert er að gert, verður nær algert afturhvarf til náttúrunnar og landsins. Hringrás lífræna mannvirkja á að skoða sem náttúrulegt ferli og jákvæðan kost og fordæmi fremur en galla, séu þessar byggingar til að mynda skoðaðar út frá sjónarhorni vistvænnar hugmyndafræði. Í byggingarferli torfhússins gera maður og náttúra með sér nýjan sáttmála. Hin reglulega endurbygging torfbæjarins er hluti af eðli hans, upplifun og andlegri dýpt. Þar sem íslenski bærinn er hafður til sýnis væri æskilegt að hafa a. m. k. eitt hús eða vegg í endurbyggingu.

Ofurkapp

Íslenski bærinn er vafalaust einn merkasti vitnisburðurinn um íslenska bændamenningu. Mannvirkin voru umgjörð um þróað handverk og sagnalist og mynduðu þann jarðveg sem gerði Íslendingum kleift að tileinka sér tæknivæðingu nútímans með ógnarhraða. En nútímavæðingin

gekk hratt og mikilvæg verðmæti vildu glatast í mesta kappinu. Þegar litíð er til baka er óskiljanlegt hvers vegna þeir bændur, sem efni höfðu á, skyldu ekki hafa haft metnað til að varðveita hluta af gamla bænum, þó svo að hann væri ef til vill ekki lengur heppilegur sem aðal íveru- og nytjahús. Auðvelt hefði verið að finna baðstofunum annað hlutverk og aðlaga þær nýjum hugsunarhætti, fremur en bókstaflega eyða þeim af jörðunum.

Það er verðugt rannsóknarefni hvornig það gat gerst að Íslendingar tóku upp á því að skammast sín fyrir þessa bæi fremur en vera stoltir af þeim. Nú fækkar þeim óðum sem hafa reynslu af vist í torfbæjum meðan þeir voru og hétu. Það er því ekki seinna vænna en að skoða þessa arfleið fordómalaust og meta yfirvegað kosti hennar og galla og draga af þeim lærdómi viðeigandi ályktanir.

Þjóðargersemi

Ég er ósammála því viðhorfi að líta á íslenska bæinn sem „saggafulla moldarkofa“. Ég er sjálfur að hluta til alinn upp í torfbæ og reynsla mín er af allt öðrum toga. Nýbyggður torfbær með baðstofuna sem þungmiðju er um margt háþróað mannvirki, hvort heldur litíð er til notagildis eða fegurðar. Og fá hús munu vera mannvænni meðan þau eru ný. Íslenskir torfbærir með sinni þúsund ára sögu og óteljandi tilbrigðum eru þjóðargersemi sem ber að hlúa að, gera sýnilega og túlka inn í samtímann af auðmýkt og reisin.

